



Umsögn stjórnar Geðverndarfélagss Íslands um Frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 195/2020..

Stjórn GÍ skrifaði umsögn um frumvarp til **breytingar á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000 með síðari breytingum (lenging fæðingarorlofs)** í desember sl.

Stjórnin vísar í fyrri rökstuðning fyrir sveigjanleika í töku fæðingar- og foreldraorlofs sem felur í sér að foreldrar ráði sjálfir hvernig þeir skipti 12 mánaða orlofi með sér.

Stjórnin ítrekar áherslu á góða og vandaða tengslamyndun barns við foreldra fyrstu árin og hvetur alþingismenn til að kynna sér vel þá þekkingu sem er til staðar um mikilvægi hennar.

Með þessu frumvarpi er gengið lengra í ósveigjanleika og þvingunarúrræðum en í hinu fyrra frumvarpi eftir samráð við „aðila vinnumarkaðarins.“ Stjórnin lýsir furðu sinni á því að ekki hafi verið haft samráð við fagfólk sem er sérfrótt um þarfir ungra barna og fjölskyldna.

Stjórn Geðverndarfélagss Íslands skorar á Alþingi að breyta þessu frumvarpi þannig að foreldrar ráði sjálfir fyrirkomulagi orlofsins auk þess sem fallið verði frá því að takmarka tímann við 18 mánuði, eins og gert er ráð fyrir. Jafnframt er skorað á Alþingi að hefja undirbúning að lagafrumvarpi um 18 mánaða fæðingar- og foreldraorlof.

Stjórn Geðverndarfélagss Íslands.

7. október 2020.